

EYJA – OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Níundi fundur 2014 var haldinn að Breiðabliki 14. júlí kl. 21:00.

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Sigrún Erla Eyjólfadóttir og Halldór Jónsson í fjarveru Prastar Aðalbjarnasonar

Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
Katrín Gísladóttir ritar fundargerð.

Eftirfarandi tekið fyrir:

Oddviti óskar eftir fráviki frá dagskrá til að taka fyrir erindi sem barst 13. Júlí frá eftirtöldum aðilum: Þröstur Aðalbjarnarson, Laufey Bjarnadóttir, Sigrún Erla Eyjólfadóttir, Gabríel Franch, Kristján Þór Sigurvinsson og Arna Þórey Kristjánsdóttir. Það var samþykkt.

Til afgreiðslu:

Guttormur Sigurðsson og situr þennan lið sem húsvörður.

- 1. Athugasendir heilbrigðiseftirlitsins vegna umsóknar sveitarfélagsins um rekstrarleyfi á Breiðabliki frá 2011 og aðgerðir vegna athugasemdana.** Sótt var um rekstrarleyfi fyrir Breiðablik 2011 og gerði Heilbrigðiseftirlit Vesturlands nokkrar athugasemdir sem þyrfti að bregðast við. Helstar voru þær að það þyrfti að fara yfir loftræstikerfið og gera úrbætur ef þyrfti, dýnur ekki í ásættanlegu standi og fl. Hitastýring ehf var fengin til að skoða loftræstikerfið og kom í framhaldi með áætlun um úrbætur upp á kr. 800.000,- m vinnu og efni. Samþykkt samhljóða að ganga í þetta mál og fá rekstrarleyfi.
- 2. Leitað frávika frá fjárhagsáætlun vegna Breiðabliks.** Ekki var gert ráð fyrir neinu viðhaldi við Breiðablik á fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 en nú þarf að fara í viðhald upp kr. 1.000.000,- vegna rekstrarleyfisins. Leggur oddviti til að samþykkt verði frávik frá fjárhagsáætlun 2014 upp á kr. 1.000.000,- vegna Breiðabliks. Ekki verður tekið lán vegna þessa heldur gengið á handbært fé. Samþykkt samhljóða.
- 3. Umsögn um endurnýjun leyfis á gistingu vegna ferðapjónustunnar Fjaran.** Ekki ath frá hreppnum vegna endurnýjunar leyfisins.
- 4. Fulltrúi Eyja g Miklaholtshrepp og Skorradalshrepps í stjórn DAB.** Guðsteinn Einarsson aðalmaður og oddvitarnir til vara.
- 5. Hreppsnefndarfundir.** Lagt til að hreppsnefndarfundir verði haldnir annan mánudag í mánuði allt árið nema í júlí. Ef breytingar verða á fundum verði látið vita af því með eins góðum fyrirvara og hægt er. Samþykkt samhljóða.
- 6. Kjósa 2 aðalmenn og 1 varamann í eigendaráð Svæðisgarða.** Eggert Kjartansson og Þröstur Aðalbjarnarson til vara Atli Sveinn Svansson
- 7. Skipa aðal og varamann í svæðisskipulagsnefnd.** Halldór Jónsson og Atli Sveinn Svansson til vara.
- 8. Aðal og varafulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.** Oddviti aðalmaður og varaoddviti til vara.

9. **Erindisbréf fræðslu og skólanefndar.** Drögin samþykkt og verða send til fræðslu og skólanefndar til að koma með athugasemdir áður en drögin eru staðfest af hreppsnefnd.
10. **Samningur um svæðisnefnd skipulags og byggingarmála.** Lagður fram til kynningar og þarf að skoða betur síðar.
11. **Erindi frá Fjölbrautarskóla Vesturlands dagsett 19. Júní 2014 og varðar beiðni um þátttöku í kostnaði við frágang lóðar.** Samþykkt samhljóða að taka þátt í kostnaðinum samanber okkar hlutdeild.
12. **Samningur um refaveiðar 2014-2016 við Umhverfisstofnun.** Samþykktur samhljóða.
13. **Bréf dagsett 13. Júlí og varðar beiðni um að farið verði í viðræður við Stykkishólmsbæ um kostnaðarþátttöku vegna barna úr sveitarfélaginu í leikskóla Stykkishólms frá þremur heimilum í sveitarfélaginu, Stakkhamri, Vegamótum og Fáskrúðabakka.** Ákveðið að leita eftir frekari rökstuðningi um þær ástæður sem eru þess valdandi að börnin geti ekki sótt leikskóla í sveitarfélaginu. Reynt verði að vinna eins hratt og unnt er.

Til kynningar:

1. **Staðan á aðalskipulaginu.** Oddviti fór á fund með Guðrúnu og Jökli en þar var staðan kynnt. Hún var sú að ráðuneyti neitaði að staðfesta aðalskipulagið nema að gögnunum yrði breytt til samræmis við ákvörðun hreppsnefndar frá 28. Apríl 2014 en um er að ræða að taka út G sem golfvöll á Stakkamarsnesinu. Oddviti gekk í málið ásamt Guðrúnu og breyttum gögnum hefur nú verið skilað inn í Umhverfisráðuneytið og þar með von til þess að ráðuneytið staðfesti aðalskipulagið.

Ýmiss bréf lögð fram til kynningar:

1. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu 13. Júní 2014 og varðar undirbúning og framkvæmd hreppsnefndarfundar sem haldinn var 17. Apríl 2014
2. Svar oddvita, dagsett 2. Júlí vegna bréfs Innanríkisráðuneytisins frá 13. Júní
3. 142 fundargerð félagsmálanefndar snæfellinga frá 3. Júní, 2014

Önnur mál.

1. Sigrún Erla vill benda á að hreppsnefndarmenn hafi sér netföng fyrir hreppsmálin en ekki sameiginleg með maka.
2. Sigrún Erla bað um að skoðað verði að breyta póstnúmerinu hér til að flokkast betur með Snæfellsnesinu. Oddvita falið að kanna málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)
Atli Sveinn Svansson (sign)
Sigrún Erla Eyjólfadóttir (sign)
Halldór Jónsson (sign)
Eggert Kjartansson (sign)